

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

22. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 18. maí 2026 kl. 18 í Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

1. **Fundargerð Aukaaðalfundar Byggðasafns Árnesinga bs þann 14. apríl.** Fundargerðin var rædd. Þar fóru fram góðar umræður um málefni safnsins. Stjórn safnsins beinir því til starfsmanna safnsins að leita til Markaðsstofu Suðurlands um ráðgjöf við markaðsetningu safnsins á því sviði þar sem einna helst er óþægður akur.
2. **Rjómabúið á Baugsstöðum.** Einnig var á aukaaðalfundi safnsins þann 14. apríl rædd fundargerð stjórnar Rjómabúsins á Baugsstöðum þann 1. apríl. Byggðasafn Árnesinga er eigandi að þriðjungi og hefur safnstjóri verið fulltrúi safnsins frá 2008 en þróunin hefur orðið sú að Byggðasafn Árnesinga sér alfarið um starfsemina, gæsla og kynningu í höndum safnsins en rjómabúið sjálf séð um rekstur eignar og fengið til þess næga styrki. Stjórn Rjómabúsins óskar eftir því við eigendur þess, þ. m. t. Byggðasafn Árnesinga, að starfsemi búsins falli alfarið undir Byggðasafn Árnesinga, eignir þess falli til byggðasafnsins og kennitala þess lögð niður. Fulltrúaráð Byggðasafns Árnesinga samþykkti þessa ósk stjórnar Rjómabúsins á Baugsstöðum. Stjórn Byggðasafns Árnesinga felur safnstjóra að fylgja þessu máli eftir og leita lögfræðiaðstoðar sé þess þörf og beri rjómabúið þann kostnað.
3. **Styrkir veittir Byggðasafni Árnesinga.** Styrkir hafa fengist til margvíslegra verkefna. Þeir koma frá Safnasjóði, Húsafriðunarsjóði og Uppbyggingasjóði Suðurlands. Safnstjóri greindi frá styrkumsóknum og styrkjum sem koma sér að sjálfsögðu vel. Styrkir voru veittir til sýninga, viðhalds, hönnunar, rannsókna og skráningar. Styrkuppphæðirnar samtals eru 5,8 milljónir króna.
4. **Fjárhagsleg staða safnsins.** Af óviðráðanlegum ástæðum hefur ekki verið unnt að setja fram mánaðarlegt yfirlit reksturs en stefnt er að því að fjöggra mánaða yfirlit verði sent stjórnarmönnum innan tíðar. Reksturinn er í góðu jafnvægi að sögn safnstjóra.
5. **Starfsemin.** Safnstjóri fór yfir helstu verkefni og starfsemi safnsins um þessar mundir. Opnuð var sýningin „Bjargvætturinn“ 28. mars í Kirkjubæ, sýning sem vakið hefur mikla athygli. Opið var um páskana og aðsókn góð. Safnið tók þátt í Vor í Árborg sem helgað var barnamenningu. Í samvinnu við Brunarvarnir Árnessýslu var haldinn slökkviliðsdagur við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka þann 25. apríl sem var afar vel sótt af börnum og fullorðnum. Þjóðbúningadegi sem fyrirhugað var að halda 14. maí var

frestað til betri tíma. Unnið er að gerð sýningarinnar „Bátar og býli“ í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka sem opnuð verður í júní. Tónlistarmaðurinn Mugison hefur óskað eftir að fá að halda tónleika í garði Hússins á Eyrarbakka 21. júní og er safnstjóri mjög jákvæður fyrir því. Jónsmessuhátíðin verður svo síðustu helgina í júní. Nú hefur sumaropnun tekin gildi og opið alla daga. Gestir eru farnir að streyma á safnið og framundan er góð törn í móttöku skólahópa. Samkomusalur Búðarstígs 22 er vel nýttur og færir safninu aukatekjur.

6. **Byggðasamlag og samþykktir.** Á síðasta ári var unnið að gerð nýrra samþykktar fyrir byggðasamlagið Byggðasafn Árnesinga bs. Samþykktirnar voru samþykktar af Héraðsnefnd Árnesinga 14. október 2025. Samkvæmt upplýsingum Helga Kjartanssonar formanns Héraðsnefndar Árnesinga hafa samþykktirnar ekki enn hlotið gildi. Öll sveitarfélög eru búin að samþykkja í tveim umræðum, boltinn er hjá ráðuneytinu með að staðfesta samþykktirnar og birta þær í b-deild Stjórnartíðinda.
7. **Fundarlok.** Nú að loknum sveitarstjórnakosningum má vænta breytinga á skipun stjórnar safnsins. Þessi fundur er sá síðasti á kjörtímabilinu 2022-2026. Safnstjóri þakkar stjórn safnsins farsælt samstarf undanfarin fjögur ár og óskar stjórnarmönnum velfarnaðar í framtíðinni. Stjórn safnsins þakkar starfsfólki safnsins vel unnin störf á tímabilinu.

Fundi lauk kl. 19. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur verður boðaður að loknum aukafundi fulltrúaráðs þar sem skipuð verður ný stjórn.

Sandra Sigurðard.
Þórhildur Ingvaldóttir
Anni Eiríksdóttir
Eiríkur Þorvaldur